


Dalvík 11. maí 2016

Kæru foreldrar og verðandi nemendur 1. bekkjar Árskógarskóla.

Hér með tilkynnist að Sæplast Iceland ehf ætlar að færa öllum verðandi nemendum 1. bekkjar Árskógarskóla, árið 2016-2017 skólatösku að gjöf ásamt öllu því sem á innkaupalista er.

Með þessu framlagi vill Sæplast Iceland ehf. leggja sitt af mörkum til samfélagsins og einnig stuðla að því að nemendur allir mæti jafnir til leiks í haust hvað skólabúnað varðar.

Það er von mín að gjöfin komi að góðum notum og verði börnum ykkar til ánægju og yndisauka. Nánari upplýsingar um afhendingu skólabúnaðarins munu koma í bréfi til ykkar áður en skóli hefst í haust.



Hólmur Svansson
Framkvæmdarstjóri
Sæplast Iceland ehf